



Reykjavík, 22. september 2021
ÞON21090002

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að ráðstafa áætluðu fjármagni í innleiðingu á tölvum, til umráða fyrir alla unglinga á unglingastigi grunnskóla. Einnig öðrum búnaði fyrir börn og starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístund.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði í samstarfi við Skóla- og frístundasvið, að ráðstafa áætluðu fjármagni að upphæð 260 mkr. samkvæmt frumkostnaðaráætlun í innleiðingu og stuðningi við UT umbreytingu í skóla- og frístundastarfi en þó sérstaklega á unglingastigi grunnskóla þegar hver nemandi fær tölvu til umráða. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaáætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Groska. Áætlaður framkvæmdatími verkefnis er október 2021 t/m desember 2023. Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 22. september 2021.

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt,
Sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Helgi Grímsson,
Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs

Hjálagt: Minnisblað ÞON21090002, SFS2017120059 Stefna um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi, SFS2017010019 Menntastefna Reykjavíkur, ÞON21040025 Heimild til að hefja útboðsferli á tölvubúnaði fyrir endanotendur, ÞON21050028 Heimild til að hefja innkaup vegna endurnýjunar á netskápum og netskiptum, ÞON21050033 Heimild til að fara í útboð og innleiðingu á nýju síma- og samskiptakerfi Reykjavíkurborgar, ÞON21050029 Heimild til að hefja innkaupaferli vegna innleiðingar á Microsoft Office 365 á alla starfstaði borgarinnar, SFS2020040081 Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og Helgi Grímsson, sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs.

Efni: Heimild til að ráðstafa áætluðu fjármagni í innleiðingu á tölvum, til umráða fyrir alla unglinga á unglingastigi grunnskóla. Einnig öðrum búnaði fyrir börn og starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístund.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði í samstarfi við Skóla- og frístundasvið, að ráðstafa áætluðu fjármagni að upphæð 260 mkr. samkvæmt frumkostnaðaráætlun í innleiðingu og stuðningi við UT umbreytingu í skóla- og frístundastarfi en þó sérstaklega á unglingastigi grunnskóla þegar hver nemandi fær tölvu til umráða. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaáætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Groska. Áætlaður framkvæmdatími er október 2021 t/m desember 2023.

Forsaga:

Áætlun um framfarir, umbætur, þróun og nýbreytni er mikilvæg í allri starfsemi. Það á ekki síst við starfsemi sem tengist skólagöngu og frístundastarfi barna og unglinga sem alast upp við örar samfélagsbreytingar, miklar tækni framfarir og síbreytilega heimsmynd. Þannig hljómar inngangur að stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi sem samþykkt var í Skóla- og frístundaráði þann 11. apríl 2018 sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins d.s. Í stefnunni eru settar fram áherslur í fimm flokkum sem tengjast tæknilegum innviðum og búnaði fyrir nemendur og starfsfólk, öflugri þjónustu við notkun upplýsingatækni, markvissa þekkingaruppbyggingu, markvissri notkun upplýsingatækni í skóla og frístundastarfi og framsækinni tækni til að virkja sköpunarkraft og styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun.

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Ný menntastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði 8. nóvember 2018 en meginmarkmið hennar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Ein af tíu aðgerðum stefnunnar til útfærslu og innleiðingar á tímabilinu 2019-2021 snýr að heildstæðri nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu sviðsins í upplýsinga- og tækni mennt.

Nýr veruleiki blasti síðan við börnum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar vorið 2020 þegar áhrif heimsfaraldurs setti mark sitt á alla starfsemi. Tæknin var nýtt í stóru auknu mæli á örskömmum tíma til að styðja við nám, kennslu og störf í gegnum netið, meðal annars með innleiðingu á skólaumhverfi Google (Gsuite). Nýfengin reynsla af notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi opnaði áður óþekkta möguleika og víddir í starfseminni. Nemendur, foreldrar og allt starfsfólk sýndi mikla þrautseigju, hugsaði í lausnum, deildi góðum ráðum, og byrjaði byggja upp stafræna hæfni sem móta mun skóla- og frístundastarf til framtíðar.

Greinargerð:

Upplýsingatækni er ekki lengur stakt markmið heldur mikilvægt verkfæri sem verður ekki lengur aðgreint frá skóla- og frístundastarfi nútímans. Hún er eðlilegur hluti af samfélaginu og mikilvæg þegar kemur að því að beita nútímalegum aðferð- um, styðja við skapandi starf, virkja einstaklinga og endurspeglar veruleika innan sem utan starfsstaða. Ábyrg notkun upplýsingatækni felst í því að leggja áherslu á markvissa og fjölbreytta notkun tækni í skóla- og frístundastarfi. Í stað þess að vera neytendur á tækni þarf að virkja og valdefla börn og ungmenni sem skapandi og ábyrga notendur fjölbreyttra verkfæra. Því þarf að vinna með fjölbreytta hæfni, sem tryggir sem bestan undirbúning nemenda fyrir framtíð þar sem vægi tækni og sköpunar verður sífellt mikilvægari.

Skóla- og frístundaráð samþykkti þann 28. apríl 2020, sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins d.s. tillögu um að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með vísan til aðgerðaáætlunar nýrrar menntastefnu, stefnu ráðsins um notkun á upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi og jákvæðrar reynslu af fjarkennslu og fjarnámi á tímum COVID-19 faraldursins. Í tillögunni er lögð áhersla á uppfærslu búnaðar, starfsþróun með áherslu á stuðning við lærdómssamfélag í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, þjónustu, markvissa notkun og framsækni með það að markmiði að nemendur fái nám og kennslu við hæfi og starfsfólk þær bjargir og aðbúnað sem duga til að virkja hæfileika og sköpunarkraft barna, ýta undir og þroska frumkvöðlahugsun og nýsköpun í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt Skóla- og frístundaráðs er hér sótt heimild til að ráðstafa áætluðu fjármagni upp á 260 milljónir króna til innleiðingar og stuðnings við UT umbreytingu í skóla- og frístundastarfi. Áfangaskipt og forgangsroðuð frumkostnaðaráætlun innleiðingarinnar leggur áherslu á trygga umsjón, utanumhald og stuðning við þróun lærdómssamfélags í hverjum grunnskóla, leikskóla sem og í frístundastarfi. Snýr stærsti einstaki liðurinn í áætluninni því að kostnaði vegna kaupa á þjónustu tíu verkefnastjóra/ráðgjafa, tvo í hvern borgarhluta, svo auka megi hratt við stafræna hæfni starfsfólks skóla á innleiðingartímanum og þar með breyta starfs- og kennsluháttum. Áætlaður kostnaður vegna þessa einstaka liðar er 120 milljónir króna á ársgrundvelli.



Annar kostnaður sem fellur undir þessa heimild felur í sér aukinn stuðning innan leik- og grunnskóla við notkun stafrænnar tækni og búnað fyrir þróunarstarf á yngri stigum grunnskóla. Áhersla verður lögð á að stórefla Búnaðarbanka SFS svo sem með kaupum á forritanlegum búnaði, búnaði fyrir sýndar- og gagnaukinn veruleika, fyrir þrívíddarhönnun og tölvuleiki, raftónlistarbúnað sem og streymisbúnað. Einnig á kaup á kennsluhugbúnaði svo sem Seesaw svo samnýta megi stafræn námsgögn og Kami glósuforrit með tengingu G Suite skólalausnina. Eins er gert ráð fyrir kostnaði við miðlun og fjarkennslubúnað, gerð fræðsluefnis til stuðnings innleiðingarinnar og loks kaupum á sérfræðiþjónustu og úttektum vegna persónuverndar.

Þegar hefur fengist heimild hjá borgarráði fyrir auknum búnaðarkaupum vegna verkefnisins með samþykkt ráðsins þann 6. maí 2021, sbr. 9. lið fundargerðar ráðsins d.s. þar sem skrifstofu upplýsingatækniþjónustu (UTR) var heimilað að hefja útboðsferli á tölvubúnaði fyrir endanotendur, þar með talið börn og starfsfólk skóla- og í frístundastarfi. Frumkostnaðaráætlun innkaupanna hljóðaði annarsvegar upp á kostnað tengdum 36 grunnskólum, um 312 milljónir króna og fólst sá kostnaður í uppfærslu búnaðar fyrir fagfólk og viðbótarbúnaði fyrir nemendur á unglingastigi og nemendur með sérstakar þarfir. Kostnaður tengdur 63 leikskólum var áætlaður um 61 milljónir króna og fólst hann í auknum búnaði fyrir stjórnendur það er svo leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar og deildarstjóra hafi tölvu til umráða í sínu starfi. Megin tilgangur þess verkefnis sem hér er lagt fram til samþykktar er að greiða fyrir innleiðingu og hámarka notkun þessa búnaðar. Það hefur sýnt sig að nálgun sem þessi er skiptir grundvallarmáli þegar lagt er í svo umfangsmikla umbreytingu starfshátta.

Í fyrrnefndri stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi er sérstaklega tilgreint að aðbúnaður og tæknilegt umhverfi styðji við fjölbreytta notkun upplýsingatækni í öllu starfi Skóla- og frístundasviðs. Aðgengi að neti, öflugum nettengingum, öruggu tækniumhverfi og búnaði stuðlar því til viðbótar að auknu jafnræði milli skóla og hverfa borgarinnar. Innleiðing á upplýsingatækni í skóla- og frístundastarf, það er þeirri sem þessi heimild snýr að, er því ekki einangrað verkefni heldur hvílir það ofan á öðrum innleiðingaverkefnum sem nýverið hafa verið samþykkt og snúa að því að byggja heildrænt upp örugga og öfluga upplýsingatækniinnviði sem styðja við stafrænt náms- og starfsumhverfi í öllu skóla- og frístundastarfi.

Þannig hefur borgarráð meðal annars nýlega veitt skrifstofu upplýsingatækniþjónustu heimild til að hefja innkaupaferli vegna endurnýjunar á netskápum og netskiptum á starfsstöðum borgarinnar, þar með talið öllum 99 leik- og grunnskólum hennar, með samþykkt þann 20. maí 2021, sbr. 14. lið fundargerðar ráðsins d.s. Verkefnið hefur meðal annars að markmiði að tryggja upplýsingatækniöryggi í öllum skólum- og leikskólum til viðbótar við að auka hraðann á netkerfi borgarinnar og þar með tryggja betri netsamskipti í allri starfsemi. Þá hefur verið samþykkt að veita heimild til að hefja innkaupaferli vegna innleiðingar á nýju síma- og samskiptakerfi sem tengir meðal annars alla starfsemi skóla og frístundar við miðlægt símkerfi borgarinnar í þjónustuveri, sbr. samþykkt þann 20. maí 2021, sbr. 13. lið fundargerðar ráðsins d.s.



Loks hefur borgarráð heimilað að hefja innkaupaferli vegna breytinga á leyfasamningum fyrir Microsoft Office 365 með samþykkt þann 20. maí 2021 sbr. 14. lið fundargerðar ráðsins d.s. Verkefnið felur meðal annars í sér að sameina ólíka upplýsingatækniheima í einn heim (e. domain) þ.e.a.s. sameina skóla- og frístundaheiminn (rvkskolar.is, rvkfri.is) og skrifstofuheiminn (reykjavik.is) til að auðvelda samskipti og flutning gagna milli ólíkra aðila og einfalda alla stýringu og ut anumhald. Sameining verður meðal annars ein undirstaða árangurs í verkefninu Betri borg fyrir börn þar sem lögð er áhersla á að þetta samstarf Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs með það að markmiði að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er mikilvæg til að jafna aðstöðu barna og ungmenna í Reykjavík og undirbúa þau fyrir framtíð sem mun fela í sér margvíslegar breytingar, áskoranir sem og fjölmörg tækifæri.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 260 milljónir til þriggja ára, sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars s.l. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: stafræn umbreyting – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Groska.

Óskar J. Sandholt,
Sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Helgi Grímsson,
Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs



Notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Desember 2017

Inngangur

Áætlun um framfarir, umbætur, þróun og nýbreytni er mikilvæg í allri starfsemi. Það á ekki síst við starfsemi sem tengist skólagöngu og frístundastarfi barna og unglinga sem alast upp við örar samfélagsbreytingar, miklar tækniframfarir og síbreytilega heimsmynd¹.

Upplýsingatækni verður ekki aðgreind frá skóla- og frístundastarfi nútímans. Hún er eðlilegur hluti af samfélaginu og mikilvægt verkfæri þegar kemur að því að beita nútímalegum aðferðum, styðja við skapandi starf, virkja einstaklinga og endurspegla veruleika innan sem utan starfsstaða. Hún er jafnframt mikilvæg til að jafna aðstöðu barna og ungmenna og undirbúa þau fyrir framtíð sem mun fela í sér margvíslegar breytingar, áskoranir og fjölmörg tækifæri.

Í þessari stefnu koma fram fimm meginþættir sem styðja við nýtingu upplýsingatækni sem mikilvægs verkfæris í skóla- og frístundastarfi 21. aldarinnar. Þættirnir tengjast:

- Aðbúnaði
- Þjónustu
- Þekkingu
- Notkun
- Framsækni

Þessum áherslum er ætlað að bregðast við kalli starfsfólks um markvissa og fjölbreytta notkun upplýsingatækni í námi, starfi og leik, bæta starfsumhverfi, efla ímynd og fylgja eftir margvíslegum greiningum sem sýna sóknartækifæri tengd notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Stefna, staða og tækifæri

Lög, reglugerðir, aðalnámskrár og áherslur skóla- og frístundasviðs mynda skýran ramma um gildi og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi². Í aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla frá 2011, sem eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið, er lögð rík áhersla á upplýsingatækni sem eitt af sjálfsgögðum verkfærum starfsins. Vert er að hafa í huga að upplýsinga- og tæknimennt er einnig skilgreind sem sérstakt námssvið í aðalnámskrá grunnskóla með skilgreindum kennslutíma í viðmiðunarstundaskrá og skilgreindum hæfniviðmiðum sem vinna skal að.

Um árábil hefur upplýsingatækni jafnframt tengst ýmsum áherslu- og umbótaþáttum í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Þetta á sérstaklega við um áherslu á aukið vægi verk-, tækni- og listnáms og notkun upplýsingatækni og innleiðingu nýrra vinnubragða.

¹ [Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2017](#)

² Notkun tækni í skóla- og frístundastarfi má m.a. tengja við: [Lög um leikskóla](#), [lög um grunnskóla](#), [æskulýðslög](#), [aðalnámskrá leikskóla](#), [aðalnámskrá grunnskóla](#), [starfsskrá frístundamiðstöðva](#), [skýrslu](#) starfshóps um notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemenda frá 2013, [skýrslu](#) um notkun snjalltækja í skólastarfi frá 2014, [áherslur og forgangsriðun](#) skóla- og frístundaráðs 2015-2019 og [skýrslu](#) starfshóps um símenntun í upplýsingatækni frá 2017.

Upplýsingatækni er mikilvægt verkfæri til að styðja við áherslur nýrrar menntastefnu sem móta mun skóla- og frístundastarf til framtíðar. Í vinnu við gerð menntastefnunnar hefur verið lögð áhersla á mikilvægi góðra starfsaðstæðna þar sem tækja- og tæknibúnaður er eins og best verður á kosið. Samhliða hefur verið lögð áhersla á mikilvægi stuðnings, ráðgjafar og aðgengis starfsfólk skóla- og frístundasviðs að margþættri símenntun.

Reykjavíkurborg tók á sínum tíma forystu í notkun upplýsingatækni. Þetta á meðal annars við um innleiðingu snjalltækja og stafræna námsumsjón í grunnskólastarfi. Eins má nefna að unnið hefur verið fyrirmyndarstarf tengt notkun tækni í skólastarfi mikið fatlaðra barna, ábyrgri upplýsingamiðlun til heimila leikskólabarna og notkun vinsælla miðla og tölvuleikja í frístundastarfi. Á síðustu misserum hefur farið fram margvíslegur samanburður og greining á stöðu upplýsingatækni hjá skóla- og frístundasviði sem sýnir gott starf en jafnframt að fjölmörg tækifæri til umbóta og sóknar eru fyrir hendi³. Þetta á einkum við um aðgengi að búnaði, þekkingu starfsmanna, miðlæga þjónustu, fræðslu, ráðgjöf og miðlun fyrirmynda.

Mat á stöðu sýnir einnig jákvæðar hliðar, því áhugi starfsmanna á að sækja sér þekkingu og nýta upplýsingatækni í starfi er mikill. Jafnframt liggja tækifæri í því að efla fjölbreytta þjónustu borgarinnar sem tengist upplýsingatækni. Í hópi starfsmanna sviðsins býr þar að auki mikill auður og finna má áhugaverð og framsækin dæmi um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Mikilægt er að virkja og miðla þeirri þekkingu og grósku sem er til staðar á einstaka starfsstöðum. Styðja þarf við frumkvöðla, stofna samráðsvettvang, efla ráðgjöf, skapa eftirsóknarvert og hvetjandi starfsumhverfi og auka aðgengi að fjölbreyttri fræðslu. Ekki er síður mikilvægt að styðja við stjórnendur sem eru ábyrgðar- og lykilaðilar þegar kemur að því að vinna að skólaþróun sem leitt getur til mikilvægra breytinga á náms- og kennsluháttum. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að skref sem tekin hafa verið á allra síðustu misserum (m.a. í kjölfar innleiðingar rafræna prófa) hafa sýnt að búnaðaraukning, betri nettengingar, stuðningur og ráðgjöf getur virkað sem vítamínsprauta í starfi.

Upplýsingatækni er ekki markmið heldur mikilvægt verkfæri. Ábyrg notkun upplýsingatækni felst í því að leggja áherslu á markvissa og fjölbreytta notkun tækni í skóla- og frístundastarfi. Í stað þess að vera neytendur á tækni þarf að virkja og valdefla börn og ungmenni sem skapandi og ábyrga notendur fjölbreyttra verkfæra. Því þarf að vinna með fjölbreytta hæfni, sem tryggir sem bestan undirbúning nemenda fyrir framtíð þar sem vægi tækni og sköpunar verður sífellt mikilvægari.

Áherslur upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi

Hér að neðan eru settar fram í fimm flokkum áherslur sem tengjast búnaði, þjónustu, þekkingaruppbyggingu og markvissri notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Byggt er á margvíslegri greiningu, ábendingum og samtali sem fram hefur farið á síðustu misserum um stöðu upplýsingatækni í borginni. Áherslurnar nýtast við gerð framkvæmdaáætlunar og mats á stöðu en eru umfram allt mikilvægar til að styðja við börn og starfsfólk og skapa þeim bestu aðstæður til náms og starfa.

³ Tengt hagræðingar og djúpgreiningarvinnu borgarinnar hefur margvísleg rýni á kostnað og þjónustu farið fram hjá öllum starfseiningum sviðsins. Innleiðing rafræna prófa var jafnframt gagnleg stöðutaka á nettengingar og búnaðarstöðu grunnskóla. Vinna starfshópa og kannanir sendar til starfsstaða hafa einnig gefið mikilvægar upplýsingar. Umbótaáætlanir, rýni á starfsumhverfi, úttekt á vinnuumhverfi og raddir stjórnenda og starfsfólks um aðbúnað og notkun hafa jafnframt varpað ljósi á stöðuna.

Góður búnaður fyrir nemendur og starfsfólk

Aðbúnaður og tæknilegt umhverfi styður við markvissa og fjölbreytta notkun upplýsingatækni í öllu starfi skóla- og frístundasviðs.

1. Aðgengi að neti, tækniumhverfi og uppbygging búnaðar stuðlar að jafnræði og byggir á náms- og kennslufræðilegum áherslum og þörfum skóla- og frístundastarfs
2. Starfsstaðir hafa faglegt sjálfstæði er kemur að vali á búnaði
3. Grunnskólar geta farið í vel skilgreind 1:1 verkefni (eitt tæki á nemanda)
4. Tengd kerfi (s.s. innritunar-, yfirlits- og vefkerfi) styðja við starfsemi sviðsins
5. Búnaður og kerfi styðja við örugga og ábyrga notkun upplýsingatækni

Öflug þjónusta við notkun upplýsingatækni

Þjónusta og ráðgjöf við notkun upplýsingatækni er á hverjum tíma aðlöguð að þörfum skóla- og frístundastarfs.

1. Öflug kennslufræðileg ráðgjöf og teymisvinna ráðgjafa styður við fjölbreytta starfsemi sviðsins
2. Tæknileg þjónusta, miðlæg og á einstaka starfsstöðum, er endurskoðuð eftir þörfum og kynnt með skýrum hætti
3. Upplýsingum um margvíslega þjónustu borgarinnar sem tengist upplýsingatækni er haldið á lofti

Markviss uppbygging þekkingar

Símenntun og starfsþróun starfsfólks skóla- og frístundasviðs er órjúfanlegur þáttur af starfinu, fer fram með fjölbreyttum hætti og er skapað nauðsynlegt svigrúm.

1. Allir stjórnendur og starfsmenn sinna símenntun og starfsþróun í upplýsingatækni af ábyrgð og fagmennsku
2. Fjölbreytt símenntun er í boði í miðstöð fræðslu, miðlunar og notkunar nýrrar tækni
3. Í upplýsinga- og fræðslugátt er miðlað hagnýtu efni sem kemur til móts við mismunandi þarfir og þekkingu starfsfólks
4. Frumkvöðlar í skóla- og frístundastarfi eru hvattir til samráðs og fá svigrúm til að miðla þekkingu og reynslu til samstarfsfólks

Markviss notkun upplýsingatækni

Notkun upplýsingatækni er í takt við áherslur nýrrar menntastefnu og opinber viðmið (s.s. hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla og áherslur í leikskóla- og frístundastarfi). Tækni sem verkfæri er notuð á ábyrgan, fjölbreyttan og markvissan hátt í starfi skóla- og frístundasviðs. Hún gefur einstaklingum margvísleg og jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í námi og starfi.

1. Möguleikar tækninnar styðja við fjölbreyttar þarfir barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi margbreytileikans
2. Upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi eru lykilþættir sem styðja við áhuga og styrkleika, gagnrýna og skapandi hugsun, samstarf, virkni, tjáningu og miðlun
3. Forritun, sýndar- og gagnaukinn veruleiki, vinsælir miðlar, tölvuleikir, þrívíddarhönnun og fjölbreytt verkfæri upplýsingatækninnar eru notuð á markvissan hátt í námi og leik
4. Upplýsingatækni styður við teymisvinnu, samþætt verkefni og tengir veruleika innan sem utan skóla og frístundastarfs. Hugað er sérstaklega að samráði milli starfsstaða sviðsins og samfellu skólastiga
5. Upplýsingatækni er notuð til að efla samstarf heimila og starfsstaða og veita samfélaginu innsýn í öflugt skóla- og frístundastarf

Framsækin tækni í skóla- og frístundastarfi

Möguleikar upplýsingatækni eru nýttir til að virkja sköpunarkraft starfsmanna og barna og styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun.

1. Upplýsingatækniteymi sviðsins og upplýsingatæknideildar horfir til framtíðar og styður við val, markvissa innleiðingu og notkun nýrra lausna í skóla- og frístundastarfi
2. Frumkvöðlastarf, nýsköpun, stafræn verktækni og notkun Fab Lab Reykjavík er öflug.
3. Starfsstaðir í fararbroddi fá aukið svigrúm til að stýra upplýsingatæknimálum sínum í þeim tilgangi að þróa umhverfi og aðlaga náms- og kennsluhætti að framsæknu starfi
4. Þróunarsjóður styður við þróunar- og nýbreytniverkefni í upplýsingatækni

Framkvæmd stefnu

Uppbygging á markvissri og fjölbreyttri notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi er langtímaverkefni sem huga þarf vel að. Hér að framan hafa verið settar fram í fimm flokkum áherslur um notkun upplýsingatækni sem gert er ráð fyrir að hægt sé að uppfylla í skrefum á þremur árum. Því þarf að forgangsraða áherslum út frá mikilvægi og kostnaði. Æskilegt er að hópur hagsmunaaðila komi að þessari vinnu og frekari útfærslu áherslupáttanna.

Lokaorð

Hér hafa verið settar fram áherslur um notkun upplýsingatækni sem eru mikilvægar til að skóla- og frístundastarf í borginni nái að aðlagast að nýjum veruleika, nýjum möguleikum og nýjum áskorunum. Áherslunum er ætlað að stuðla að mikilvægum umbótum sem efla markvissa og fjölbreytta notkun upplýsingatækni sem verkfæris í námi, starfi og leik, efla þekkingu, bæta starfsumhverfi og veita innsýn í framsækið og leiðandi skóla- og frístundastarf í borginni.

Árangursrík notkun tækni í menntun snýst ekki í aðalatriðum um tækin og tímann sem þau eru notuð eða rétta hugbúnaðinn og besta stafræna efnið. Lykilatriði til að ná árangri er að þekking starfsmanna á náms- og kennslufræði, möguleikum tækninnar og inntaki skóla- og frístundastarfs nýtist til þess að börn og ungmenni hafi jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína, vaxa og blómstra í námi, starfi og fjölbreyttum verkefnum framtíðar.

Reykjavík, 6. nóvember 2018
R17010123
400

Borgarráð

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Meðfylgjandi er tillaga að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 ásamt fylgigögnum, lagt er til að henni verði vísað til samþykktar í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 - drög.

Bréf til borgarstjóra frá formanni stýrihóps um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Dags. 5. nóvember 2018.

Greinargerð með menntastefnu, dags. 5. nóvember 2018.

Fylgiskjal - innleiðing, ódagsett.

Endurskipan í stýrihóp og samráðsvettvang um mótun menntastefnu, dags. 17. september 2018.

Erindisbréf - Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 27. febrúar 2017.

Erindisbréf - Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 27. febrúar 2017.

Erindisbréf - Verkefnastjórn um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 14. febrúar 2017.



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

„Látum draumana rætast“

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Tilgangur og áskoranir

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefna Reykjavíkurborgar er mótuð í samstarfi þúsunda borgarbúa; með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlenda ráðgjafa auk almennings.

Tilgangur stefnumótunarinnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og skerpa á forgangsriðun um mikilvægustu umbótaverkefnin. Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Á sama tíma þarf menntun að fela í sér grundvallarþekkingu barna á samfélagi og náttúru og taka mið af niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna á gæðum menntunar.

Leiðarljós

Barnið sem virkur þátttakandi

Menntastefnan byggir á grunnstefum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Uppeldi og menntun barna og unglunga er samfélagslegt verkefni og á sér stað með formlegum og óformlegum hætti. Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi. Þar eru virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni en með því móti eru þeim sköpuð raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Stafræn tækni er nýtt í skóla- og frístundastarfi til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Með menntastefnunni er sköpuð umgjörð menntunar í borginni sem byggir á traustum rótum farsæls skóla- og frístundastarfs en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti sem ýta undir áhuga, ástríðu og árangur allra barna og unglunga. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningslegu, fjölbjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Til þess að það takist sem best þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks og veita því rík tækifæri til starfsþróunar, markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnaði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs myndi fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar og deila sameiginlegri ábyrgð á menntun og uppeldi. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur sameiginlega að því að þróa leiðir sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu leggur grunn að gagnkvæmu trausti við þróun menntunar.

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar eru að öll börn **vaxi, dafni og uni sér saman** í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Öll börn öðlist **sterka sjálfsmynd**, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin **lesi sér til gagns og gamans**, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, **skapandi** og gagnrýna hugsun og tileinki sér **heilbrigðan** lífsstíl.

Meginmarkmið stefnunnar byggja á eftirfarandi fimm grundvallarþáttum: *félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.*

Félagsfærni

Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til **hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag**. Í því felst að kunna að starfa með öðrum og sýna öðrum skilning, góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun samfélagsins.

Sjálfsefning

Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Sjálfsefning felur í sér að öðlast trú á eigin getu, þekkja styrkleika sína og veikleika, geta sett sér markmið, fylgt þeim eftir og metið árangurinn. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar einstaklingum að taka sjálfstæðar ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, trú á eigin getu, líðan, námsárangur og árangur í lífinu almennt.

Læsi

Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnan hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni er lykill og forsenda að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Sköpun

Skapandi hugur og hönd

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir okkur sjálf, næsta umhverfi eða samfélagið.

Heilbrigði

Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði, andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Almennar aðgerðir 2019-2021

Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á sínum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga.

Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar. Í byrjun desember 2018 verða settir af stað verkefnahópar sem skila eiga tillögum um innleiðingu fyrir 1. mars 2019. Aðgerðirnar eru eftirfarandi:

- Leggja aukna áherslu á **málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna óháð móðurmáli m.a.** með því að veita ráðgjöf á vegum Miðju máls og læsis, stuðla að aukinni færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna og stuðningi við markviss inngríp t.d. hvað varðar stuðning við börn með annað móðurmál en íslensku.
- **Einfalda allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir** með áherslu á að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðning í skóla- og frístundastarfi. Lögð verði áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum og dregið úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- **Auka vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar** innan samfellds skóla- og frístundadags með því að efla símenntun starfsmanna, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- Tryggja börnum **jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi** í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika með því að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms, efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.
- Bæta aðstöðu til skóla- og frístundastarfs, þannig að **húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar**, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Stuðla þarf að því að aðstaðan ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.
- Innleiða **heildstæða nýtingu stafrænnar tækni** í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga og tæknimennt. Áhersla verði á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- **Fjölga fagmenntuðu starfsfólki** leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennaramenntunarstofnanir og Kennarasamband Íslands með öflugu kynningarstarfi og fjölbreyttum aðgerðum sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla-, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs **rik tækifæri til starfsþróunar** og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi m.a. með því að
 - efla **samstarf við menntavísindasvið HÍ** og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs.
 - leiðbeina og hvetja stofnanir til að sækja um **fjármagn í þróunarsjóði**, innlenda og erlenda.

Menntastefna Reykjavíkurborgar - DRÖG

- **Stofna þróunarsjóð** til að styðja við fjölbreytt sjálfsprottin þróunarverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs sem stuðli að framgangi stefnunnar og aukinni samvinnu starfsmanna og stofnana.
- Setja á fót **Nýsköpunarmiðu menntamála** sem veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Sérstök áhersla verði lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Reykjavík 5. nóvember 2018

Bréf til borgarstjóra um menntastefnuna

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Á fundi borgarstjórnar þann 17. janúar 2017 var samþykkt að hefja mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum allra framboða í borgarstjórn og samráðsvettvangur undir forystu borgarstjóra sem hafði að geyma fulltrúa allra helstu hagsmunaaðila í skóla- og frístundastarfi borgarinnar auk innlendra og erlendra ráðgjafa með finnska menntasérfræðinginn Pasi Sahlberg í öndvegi. Víðtækt samráð var haft við börn og ungmenni, foreldra, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi við mótun menntastefnunnar auk þess sem tekið var á mótí ábendingum, hugmyndum og tillögum almennings á vefgáttinni Betri Reykjavík. Talið er að nærri 10 þúsund manns hafi komið að mótun menntastefnunnar á þeim tæpu tveimur árum sem vinnan hefur staðið yfir.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvílir á þeirri skýru framtíðarsýn að börn og unglingar í borginni öðlist menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Meginmarkmið stefnunnar byggja á fimm hæfniþáttum, sem lögð er áhersla á að styrkja sérstaklega sem undirstöðu heildstæðrar menntunar: félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun, læsi og heilbrigði.

Samhliða stefnunni eru lagðar fram tillögur að almennum aðgerðum á grundvelli menntastefnu til næstu þriggja ára.

Lagt er til að borgarráð samþykki stefnuna og almennu aðgerðirnar fyrir sitt leyti og vísi til endanlegrar afgreiðslu í borgarstjórn. Menntastefnu og almennum aðgerðum hennar verði í kjölfarið vísað til skóla- og frístundasviðs til nánari útfærslu og innleiðingar.

Skúli Helgason,

formaður stýrihóps um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Reykjavík 5. nóvember 2018

Greinargerð með menntastefnu, tilvísun í mál R17010123

Með erindisbréfi, dags. 27. febrúar 2017, skipaði borgarstjóri *Stýrihóp um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030*. Hlutverk stýrihópsins var að bera ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar var að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni hópsins voru að halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna færi fram; Greining á stöðu menntamála í borginni; Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030; Gerð tillögu að forgangsröðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára; Skilgreining mælikvarða og eftirfylgni; Náð samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn var skipaður eftirtöldum einstaklingum:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
S. Björn Blöndal, fulltrúi Bjartrar framtíðar
Halldór Halldórsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata
Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Jóna Björg Sætran var skipuð í stýrihópinn í stað Sveinbjargar 20. sept. 2017.

Hrönn Pétursdóttir starfaði sem verkefnastjóri stýrihóps.

Í kjölfar kosninga vorið 2018 var endurskipað í starfshópinn og var hann þá skipaður eftirtöldum einstaklingum:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúi Viðreisnar,
Eypór Laxdal Arnalds, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Pírata
Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks fólksins
Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi Sósíalistaflokksins
Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins

Til ráðgjafar og samstarfs við stýrihópinn var verkefnastjórn sem í átta sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og formaður stýrihóps, sem undirbjó gagnaöflun og gagnavinnslu fyrir fundi stýrihóps og samráðsvettvangur undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Samráðsvettvangurinn var skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, innlendum og erlendum ráðgjöfum auk fulltrúa hagsmunaaðila í skóla- og frístundastarfi.

Samráðsvettvangur við mótun menntastefnu var skipaður samkvæmt erindisbréfi borgarstjóra, dags. 27. feb. 2017, og endurskipað í hann í kjölfar kosninga 2018. Hlutverk samráðsvettvangsins var að bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnunnar og mótun sameiginlegrar aðgerðaáætlunar menntastefnu í samstarfi við stýrihóp.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru erindisbréf stýrihóps, samráðsvettvangs og verkefnastjórnar.

Pasi Sahlberg, menntunarráðgjafi og prófessor við Harvard Graduate School of Education var leiðandi í teymi innlendra og erlendra ráðgjafa. Hann kom í nokkur skipti til Íslands á vinnutímabilinu og fundaði með stýrihópnum, samráðsvettvangnum og stjórnendum í skóla- og frístundastarfi. Andy Hargreaves, menntunarráðgjafi og prófessor við Lynch School of Education, Boston College, tók sömuleiðis þátt í verkefninu sem ráðgjafi, fundaði með samráðsvettvangi og stjórnaði vinnustofu með stjórnendum í skóla- og frístundastarfi ásamt Pasi Sahlberg.

Vinnuferli við gerð stefnunnar

Vinnan við mótun menntastefnu til 2030 var kynnt á fundi í ráðhúsi Reykjavíkur 13. janúar 2017 af borgarstjóra og Pasi Sahlberg. Fundinn sátu fulltrúar stýrihóps, samráðsvettvangs og stjórnendur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.

Í febrúar til apríl 2017 voru haldnir svokallaðir hugveitufundir þar sem lögð var fyrir lykilsurningin, *Hvaða hæfni þurfa börnin að búa yfir þegar þau útskrifast úr grunnskóla árið 2033*. Haldnir voru 11 fundir með um 450 þátttakendum, stjórnendum og starfsfólki úr skóla- og frístundastarfi og frá þjónustumiðstöðvum auk barna og foreldra.

Í maí til júní 2017 var víðtækt samráð við starfsfólk og íbúa þar sem hæfniáherslum sem komu út úr hugveitufundunum var forgangsraðað. Haldnir voru fundir á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs þar sem alls 96 starfsstaðir tóku þátt. Opnaður var samráðsvefur um menntastefnu á Betri Reykjavík fyrir almenning. Alls heimsóttu samráðsvefinn 5.800 manns. 56 nýjar hugmyndir voru sendar inn og skráð 204 rök með eða á móti hugmyndunum.

Áætlað er að allt að tíu þúsund manns hafi lagt hönd á plóginn við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar. Niðurstaða hins víðtækasamráðs við börn, foreldra, starfsmenn og almenning var sú að á næstu árum þurfi að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi hæfniþætti sem undirstöðu heildstæðrar menntunar barna og ungmenni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar:

- Félagsfærni
- Sjálfsefningu
- Læsi
- Sköpun
- Heilbrigði

Sérstaka athygli vakti hve mikill samhljómur var um þessar megináherslur á vettvangi hvort sem litið var á leikskóla, grunnskóla eða frístundastarf borgarinnar. Þá voru skýr skilaboð frá teymi ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg að mikilvægt væri að hafa stefnuna skýra og einfalda, leggja áherslu á nokkur veigamikil atriði sem brýnast væri að færa til betri vegar, nota fjölbreyttar leiðir í framsetningu, byggja á styrkleikum og sérkennum íslensks samfélags og síðast en ekki síst tryggja breitt eignarhald stefnunnar með áherslu á að fá allt skóla- og frístundasamfélagið með í mótun stefnunnar og innleiðingu hennar.

Í september 2017 fundaði samráðsvettvangur stýrihóps með Pasi Sahlberg þar sem unnið var úr þeim gögnum sem mótuð höfðu verið á vettvangi á fyrri hluta ársins og lagðar línur fyrir nánari útfærslu stefnunnar og vinnu við mótun aðgerðaáætlunar.

Í nóvember 2017 var fundað á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs um mótun aðgerðaáætlunar þar sem lykilspurningin var, *Hvernig þarf skóla- og frístundastarf að vera til að börn...*

- verði sterk félagslega (félagsfærni)?
- hafi sterka sjálfsmynd og trú á sjálfum sér (sjálfsefning)?
- verði læs og skilji samfélagið og umhverfi sitt (læsi)?
- beiti skapandi hugsun og sýni frumkvæði (sköpun)?
- stundi heilbrigðan lífsstíl og líði vel (heilbrigði)?

Í þessum fasa tóku þátt foreldrar, faghópar, stjórnendur, grunnskólabörn og leikskólabörn. Einnig var opið fyrir þátttöku á samráðsvef um menntastefnu á Betri Reykjavík.

Í lok árs 2017 og upphafi árs 2018 var unnið úr þeim gögnum sem búið var að afla. Í febrúar var fundað með Pasi Sahlberg og Andy Hargreaves þar sem staðan var kynnt, rædd og fjallað um næstu skref. Í mars til maí 2018 var unnið úr ábendingum og að uppsetningu stefnunnar. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í kennslufræði við Háskóla Íslands, vann með verkefnastjórn að greiningu gagna frá vettvangi og textasmíð menntastefnu.

Í lok apríl 2018 fundaði samráðsvettvangur borgarstjóra og stýrihópur og farið var yfir drög að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Ákveðið var að fara með drög að stefnunni í umsagnarferli.

Drög að menntastefnu voru send starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs til umsagnar í byrjun júní 2018. Haldnir voru kynningarfundir fyrir starfsfólks sviðsins, opnir fundir og fundir á vinnustöðum. Frestur til að skila inn umsögn var til 15. september sl. Í byrjun september voru haldnir vinnufundir með Pasi Sahlberg, innlendum menntasérfræðingum og sérfræðingum Capacent í stefnumörkun. Unnið var úr innsendum umsögnum seinni hluta september. Í lok september var fundað með sérfræðingum Capacent þar sem að stefnutextinn var felldur að sniðmáti borgarinnar um stefnur auk þess sem leitað var til Gunnars Hersveins vegna orðalags og hugtakanotkunar.

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 fjallaði um drög að menntastefnu á fundi 17. október sl. og samþykkti að leggja þau fyrir fund samráðsvettvangs.

Samráðsvettvangur undir stjórn borgarstjóra fjallaði um drög að menntastefnu á fundi 30. október sl. og komu þar fram loka athugasemdir við stefnudrögin sem unnið var úr fyrir framlagningu stefnunnar í borgarráði.


Meðfylgjandi þessu bréfi er:

1. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 „Látum draumana rætast“
2. Erindisbréf stýrihóps, samráðsvettvangs og verkefnahóps um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.
3. Innleiðing

Innleiðing

Í samráðsferli menntastefnunnar hefur safnast mikið af gögnum sem nýtast við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Við innleiðingu þarf Reykjavíkurborg að stilla saman strengi og krafta á öllum stigum, vera með miðlægar aðgerðir og fjármögnun, veita fjárstuðning til sérstakra verkefni starfsstöðva og hver starfsstöð þarf að leggja áherslu á aðgerðir og forgangsraða verkefnum í þágu menntastefnunnar. Mjög mikilvægt er að innleiðing verði skipulögð í nánu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og skólahljómsveita. Eftirfarandi mynd sýnir samhengi stefnuþátta menntastefnunnar.

Samhengi stefnuþátta menntastefnu



Eftirfarandi þættir hafa verið dregnir fram sem almennar aðgerðir við innleiðingu stefnunnar:

- Leggja aukna áherslu á **málproska, lestrarfærni og lesskilning allra barna óháð móðurmáli.**
- **Einfalda allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir** og draga úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- **Auka vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar.**
- Tryggja börnum **jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi** í skóla- og frístundastarfi.
- Bæta aðstöðu til skóla- og frístundastarfs, þannig að **húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar.**
- Innleiða **heildstæða nýtingu stafrænnar tækni** í skóla- og frístundastarfi.

- **Fjölga fagmenntuðu starfsfólki** leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra.
- Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs **rík tækifæri til starfsþróunar** og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.
- **Stofna þróunarsjóð** til að styðja við nýsköpun á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og veita starfsstöðum ráðgjöf um umsóknir í þróunarsjóði innlenda og erlenda.
- **Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála** sem styður við innleiðingu stefnunnar á öllum starfsstöðvum með sérstakri áherslu á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Eftirfarandi þættir hafa verið dregnir fram og lögð áhersla á að séu hafðir til hliðsjónar við útfærslu þróunarsjóðs:

- Styðja þróunarverkefni til a.m.k. 3 ára
- Verkefnin spretti upp frá grasrótinni en séu innan ramma menntastefnunnar
- Þróunarverkefni séu unnin í samstarfi og efli fagmennsku starfsfólks
- Verkefnin séu markmiða- og árangurstengd
- Þróunarverkefni skili raunverulegum breytingum sem séu greipt í menningu starfsstaðanna
- Þróunarverkefni stuðli að samstarfi á milli starfsstaða og þróun lærdómssamfélags í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur

Ráðinn hefur verið deildarstjóri nýsköpunarmiðju og verið er að endurskoða skipulag skrifstofu skóla- og frístundasviðs til að mynda sérstaka einingu, nýsköpunarmiðju menntamála, til að styðja við innleiðingu menntastefnunnar.

Lögð er áhersla á að settir verði 2-4 lykilmælikvarðar við grundvallarþætti menntastefnunnar, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Reykjavík, 17. september
2018
R17010123
400

Borgarráð

Stýrihópur og samráðsvettvangur um mótun menntastefnu - Endurskipan

Óskað er eftir að borgarráð tilnefni fulltrúa fyrir alla flokka í borgarstjórn Reykjavíkur í stýrihóp og samráðsvettvang um mótun menntastefnu.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 10. janúar 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Tillagan fól m.a. í sér að skipaður verði stýrihópur fulltrúa allra flokka í borgarstjórn sem beri ábyrgð á framkvæmd vinnunnar ásamt verkefnastjórn þar sem sæti eigi fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg frá Finnlandi, með það fyrir augum að byggt verði á bestu þekkingu. Jafnframt að óskað verði eftir tilnefningum í sérstakan samráðsvettvang frá félögum stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda sem tengjast skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Stýrihópur og samráðsvettvangur um mótun menntastefnu voru skipaðir með erindisbréfum borgarstjóra dags. 27. febrúar 2018.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps og samráðsvettvangs um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

R17010123

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:

- Greining á stöðu menntamála í borginni.
- Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030.
- Gerð tillögu að forgangsörðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára.
- Náið samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúi Viðreisnar
Eyþór Laxdal Arndals, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Pírata
Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks Fólksins
Sanna Magdalena Sönnudóttir, fulltrúi Sósíalistaflokksins
Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg.
- Samráðsvettvangur skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, undir forystu Dags. B. Eggertssonar borgarstjóra.
- Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

R17010123

ERINDISBRÉF

Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Markmið:

Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

- Umræður og greining fyrirbyggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni
- Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
- Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.

Fulltrúar í samráðsvettvangi:

Skúli Helgason, Samfylkingin
Pawel Bartoszek, Viðreisn
Örn Þórðarson, Sjálfstæðisflokkurinn
Alexandra Briem, Píratar
Líf Magneudóttir, Vinstri Grænir
Katrín Atladóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Valgerður Sigurðardóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Sigríður A. Jóhannsdóttir, Samfylking
Gunnlaugur Bragi Björnsson, Viðreisn
Elín Oddný Sigurðardóttir, Vinstri Grænir
Rannveig Ernudóttir, Píratar
Marta Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Kolbrún Baldursdóttir, Flokkur Fólksins
Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sósíalistaflokkurinn
Fulltrúi skólastjóra
Fulltrúi leikskólastjóra
Fulltrúi kennara
Fulltrúi starfsfólks í leikskólum
Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva
Fulltrúi starfsfólks í frístundastarfi
Fulltrúi foreldra grunnskólabarna
Fulltrúi foreldra leikskólabarna
Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

Ráðgjafateymi

Formaður samráðsvettvangs:

Dagur B. Eggertsson

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Náið samstarf við stýrihóp, verkefnastjórn, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:

- Greining á stöðu menntamála í borginni.
- Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030.
- Gerð tillögu að forgangsöröðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára.
- Náð samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)

S. Björn Blöndal, fulltrúi Bjartrar framtíðar

Halldór Halldórsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata

Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg.
- Samráðsvettvangur skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.
- Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, 27. febrúar 2017

Dagur B. Eggertsson



Reykjavíkurborg

R17010123

ERINDISBRÉF

Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Markmið:

Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

- Umræður og greining fyrirbyggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni
- Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
- Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.

Fulltrúar í samráðsvettvangi:

Skúli Helgason, Samfylkingin

Björn Blöndal, Björt framtíð

Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokkur

Halldór Auðar Svansson, Píratar

Líf Magneudóttir, Vinstri Grænir

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Framsókn og flugvallarvinir

Sabine Leskopf, Samfylkingin

Eva Einarsdóttir, Björt framtíð

Kjartan Magnússon, Sjálfstæðisflokkurinn

Marta Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn

Hermann Valsson, Vinstri grænir

Jóna Björg Sætran, Framsókn og flugvallarvinir

Katla Hólm, Píratar

Fulltrúi skólastjóra

Fulltrúi leikskólastjóra

Fulltrúi kennara

Fulltrúi starfsfólks í leikskólum

Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva

Fulltrúi starfsfólks í frístundastarfi

Fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Fulltrúi foreldra leikskólabarna
Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands
Ráðgjafateymi

Formaður samráðsvettvangs:

Dagur B. Eggertsson.

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Náið samstarf við stýrihóp, verkefnastjórn, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, 27. febrúar 2017




Dagur B. Eggertsson

ERINDISBRÉF

Heiti hóps: Verkefnastjórn um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030
Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Hlutverk: - Ábyrgð á daglegri umsjón og framkvæmd með mótun menntastefnu - Vera með heildarsýn yfir samráð við vettvang - Undirbúningur fyrir fundi stýrihóps og samráðsvettvangs, vera með heildarsýn yfir samráð við vettvanginn - Samskipti við stjórnendur á vettvangi og miðlun upplýsinga um upplegg funda
Markmið Að ferlið og vinnan við mótun menntastefnu verði markvisst og skili góðri vinnu og samráði um menntastefnu Reykjavíkur til 2030
Helstu verkefni: Halda utan um og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað: - Náið samstarf við stýrihóp, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar. - Sjá til þess að skipulagt ferli við vinnuna haldist. - Vera með heildarsýn yfir fundi með vettvangi og samantektum á afrakstri þeirra.
Fulltrúar í verkefnastjórn: Helgi Grímsson, sviðsstjóri, formaður Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
Formaður verkefnahóps: Helgi Grímsson
Verkefnastjóri: Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri
Ráðgjöf/samstarf: - Stýrihópur mótunar menntastefnu Reykjavíkurborgar. - Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg. - Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.
Starfstímabil og skil: Starfshópurinn skipaður 12. janúar 2017 og lokaskil 15. nóvember 2017

Reykjavík 14. febrúar 2017



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík, 27. apríl 2021
PON21040025

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja útboðsferli á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja útboðsferli sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa og upplýsingatækniþjónustu um kaup á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Friðþjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 27. apríl 2021
PON21040025

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Efni: *Heimild til að hefja útboð á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar.*

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja útboðsferli sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa og upplýsingatækniþjónustu um kaup á tölvubúnaði fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska. Áætlaður framkvæmdartími verkefnisins er maí 2021 t/m desember 2023.

Forsaga:

Um árábil hefur Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar (UTR) og forverar hennar sinnt innkaupum á endabúnaði fyrir notendur enda hefur UTR haft milligöngu um útvegum og leigu tölvubúnaðar til starfseininga borgarinnar. Innkaupin hafa hingað til farið fram með fjölda útboða á ári sem hefur haft í för með sér flókna að eignaumsýslu og útstöðvarekstur. Form innkaupa hefur falið í sér að UTR hefur fengið búnaðinn afhentan og haldið lager með töluverðum tilkostnaði við geymslu, uppsetningu, afhendingu sem og umsýslu, móttöku og förgun eldri búnaðar.

Greinargerð:

Að þessu sinni er fyrirhugað að bjóða út það magn af búnaði sem áætlaður er til næstu þriggja ára. Samið verður um virðisaukandi þjónustur sbr. að seljandi afhendi pantanir beint til notenda, að seljandi komi á fót og viðhaldi uppsetningu (e. *image*) og sæki og skili búnaði sem þarfnast viðgerða á notkunarstað á ábyrgðartíma.

Ofangreint fyrirkomulag tíðkast hjá stofnunum með dreifða starfsemi sbr. Landspítalanum háskólasjúkrahúsi (LSH) og miðar að því að draga úr fjárbindingu í birgðum, kostnaði við geymslu, akstur og umsýslu og nýta til fulls þá innviði og þekkingu sem seljendur geta boðið.



Áhrif Covid á aðfangakeðjur tölvuframleiðenda hafa verið miklar og hefur framleiðslugeta dregist mikið saman á sama tíma og eftirspurn hefur aukist gríðarlega. Skortur á tölvubúnaði er því raunveruleg ógn við þá stafrænu umbreytingu sem fyrirhuguð er hjá borginni næstu misserin. Með samningi við einn aðila um útvegum búnaðar til þriggja ára tryggir UTR afhendingaöryggi búnaðar og stuðlar þannig að samfelli í stafrænni umbreytingu.

Til viðbótar skapast aukin tækifæri á samlegð og stærðarhagkvæmni við að búnaður í tölvuumhverfinu sé einsleitari (e. *uniform*). Útvegum og umsýsla á auka- og jaðarbúnaði sbr. straumbreytum, tengikvím verður auðveldari og áreiðanlegri.

Stefnt er að því að Reykjavíkurborg innleiði nýjan samning um búnaðarkaup sem skrifstofa upplýsingatækniþjónustu mun framkvæma og viðhalda og nota í sinni starfsemi. Vinnu við að greina kröfur er lokið og því er óskað eftir heimild til að hefja formlegt innkaupaferli og fara í útboð.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 2.100 milljónir en þar af 1.800 milljónir greiddar af eignasjóði. Felst kostnaðurinn meðal annars í undirbúningsferli fyrir innkaup, þar á meðal gerð þarfagreiningar og útboðsgagna, framkvæmd útboðs, innleiðingu verklags og kerfis. Samningstími er áætlaður 3 ár með möguleika á framlengingu í tvisvar sinnum 12 mánuði í senn, samtals 5 ár. Áætlað er að kostnaður greiddur af eignasjóði vegna ársins 2021 nemi um 1.000 milljónir sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars s.l. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður verkefnis: 2.100 milljónir

Þar af eignasjóður: 1.800 milljónir

Kostnaðarstaðir: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: stafræn umbreyting – notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir / U-Bunadark og U-Groska.

Virðingarfyllst,

Friðbjófur Bergmann,

skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 13. maí 2021

ÞON21050028

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja innkaup vegna endurnýjunar á netskápum og netskiptum.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innkaupaferli vegna endurnýjunar á netskápum og netskiptum á starfsstöðum borgarinnar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - upplýsingatækniinnviðir og notendabúnaður / U-NETÖRYGGI. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er frá september 2021 t/m júní 2023.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Friðþjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 12. maí 2021
PON21050033

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að fara í útboð og innleiðingu á nýju síma- og samskiptakerfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innkaupaferli vegna innleiðingar á nýju síma- og samskiptakerfi. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-SIMKERFI. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m mars 2025.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Friðbjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 13. maí 2021

ÞON21050029

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja innkaupaferli vegna innleiðingar á Microsoft Office 365 á alla starfsstaði borgarinnar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innkaupaferli vegna breytinga á leyfasamningum fyrir innleiðingu á Microsoft Office 365 á alla starfsstaði borgarinnar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-OFFICE365. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m mars 2022.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Friðþjófur Bergmann,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til aðgerðaáætlunar nýrrar menntastefnu, stefnu ráðsins um notkun á upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi og jákvæðrar reynslu af fjarkennslu og fjarnámi á tímum COVID-19 faraldursins að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Lögð verði áhersla á uppfærslu búnaðar, starfsþróun með áherslu á stuðning við lærdómssamfélag í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, þjónustu, markvissa notkun og framsækni með það að markmiði að nemendur fái nám og kennslu við hæfi og starfsfólk þær bjargir og aðbúnað sem duga til að virkja hæfileika og sköpunarkraft barna, ýta undir og þroska frumkvöðlahugsun og nýsköpun í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi. Sviðsstjóra verði falið að leggja fram áætlun með áfangaskiptingu og forgangsörðun um hraðari innleiðingu stafrænnar tækni eigi síðar en 15. júní 2020.

Greinargerð:

Í aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 þar sem er að finna tíu almennar aðgerðir sem njóta forgangs á árunum 2019-2021 segir: „Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.“ Aðgerðin er liður í að auka tæknilæsi barna og ungmenna í samhengi við þá áherslu á læsi í víðum skilningi sem er einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá grunnskóla. Í stefnu skóla – og frístundaráðs um notkun á upplýsingatækni í skóla – og frístundastarfi sem lögð var fram í desember 2017 og samþykkt 11. apríl 2018 er lögð áhersla á samspil fimm grundvallarþátta sem allir þurfi að vera til staðar svo nemendur fái nám og kennslu við hæfi og starfsfólk aðbúnað og bjargir fyrir sín mikilvægu störf. Þessir þættir eru:

BÚNAÐUR: *Aðbúnaður og tæknilegt umhverfi styður við markvissa og fjölbreytta notkun upplýsingatækni í öllu starfi skóla- og frístundasviðs*

ÞJÓNUSTA: *Þjónusta og ráðgjöf við notkun upplýsingatækni er á hverjum tíma aðlöguð að þörfum skóla- og frístundastarfs*

STARFSÞRÓUN: *Símenntun og starfsþróun starfsfólks skóla- og frístundasviðs er órjúfanlegur þáttur af starfinu, fer fram með fjölbreyttum hætti og er skapað nauðsynlegt svigrúm*

MARKVISS NOTKUN: *Notkun upplýsingatækni er í takt við áherslur nýrrar menntastefnu og opinber viðmið (s.s. hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla og áherslur í leikskóla- og frístundastarfi). Tækni sem verkfæri er notuð á ábyrgan, fjölbreyttan og markvissan hátt í starfi skóla- og frístundasviðs. Hún gefur einstaklingum margvísleg og jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í námi og starfi*

FRAMSÆKIN TÆKNI: *Möguleikar upplýsingatækni eru nýttir til að virkja sköpunarkraft starfsmanna og barna og styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun*

Í þriðja lagi liggur fyrir samþykkt borgarráðs frá 26. mars 2020 þar sem kynntar voru fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til að mæta afleiðingum kórónaveiru faraldursins. Þar segir í 5. lið um nýsköpun og nýja tækni:

Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá Reykjavíkurborg verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu. Tillögur liggja fyrir í maí nk.

Tillagan sem hér er lögð fram um hraðari innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi er innlegg í ofangreinda vinnu um fyrrnefnda aðgerðaáætlun borgarinnar.

Mikilvægt er að byggja á kennslufræði í allri nálgun á innleiðingu tækni í skóla- og frístundastarfi. Forsendur framþróunar í notkun upplýsingatækni er samstarf starfsfólks, kennara og sérfræðinga sviðsins í upplýsingatækni um breytingar á starfs- og kennsluháttum þar sem stafræn hæfni er í forgrunni. Aðgerðirnar byggja ofan á þá miklu og merkilegu þróun í notkun upplýsingatækni sem einkennt hefur skóla- og frístundastarf vorið 2020 og lögð er sérstök áhersla á að tryggja umsjón, ut anumhald og stuðning við lærdómssamfélag á hverjum starfsstað. Síðast en ekki síst er mikilvægt að tryggja starfsstöðvum öflugan tæknilegan stuðning við innleiðingu stafrænnar tækni og treysta þar samstarf skóla og frístundasviðs við þjónustu og nýsköpunarsvið.

Aukinn áhugi og notkun á upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar

Síðustu vikur hefur starfsfólk Nýsköpunarmiðju menntamála hjá skóla- og frístundasviði (NýMið) tekið eftir miklum áhuga og þörf starfsfólks fyrir upplýsingatækni sem styður við samskipti, leik og nám. Samhliða hefur notkun á ýmsum tæknilausnum aukist til muna. Þetta á meðal annars við um G Suite skólalausnina sem mikil vinna hefur verið lögð í að innleiða. Notkun á aðgengilegum hlutum G Suite til að halda fjarfundi (Meet) og sinna námsumsjón (Classroom) hefur skipt miklu máli fyrir nám og kennslu. Þá eru stafrænar félagsmiðstöðvar, útsending á söng- og hreyfistundum hjá leikskólum dæmi um markvissa notkun stafrænnar tækni. Mestu máli hefur þó skipt hvað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hefur brugðist við af mikilli fagmennsku, endurskoðað skipulag og nýtt leiðir og lausnir sem styðja við nám, kennslu og mikilvæg samskipti. Fyrir þetta ber að þakka og ekki síður hrósa. Vert er að vekja athygli á því að hugmyndum, lausnum og verkfærum á tímum Covid hefur verið safnað markvisst í verkfærakistu menntastefnuvefsins <https://menntastefna.is/verkfaerakista/>.

Gagnleg stöðutaka á tímum Covid 19 sýnir að ýmsar aðgerðir síðustu missera hafa haft mikið gildi fyrir skóla- og frístundastarf vorið 2020. Dæmi um þetta er að miklu skiptir að fagfólk grunnskóla hefur aðgang að eigin vinnutæki og búnaðarstaða grunnskóla er nú mun jafnari en fyrir nokkrum árum. Í samantekt um stafræna vegferð á SFS frá 2018 sem verið er að vinna að koma einnig fjölmörg önnur atriði fram, þar er meðal annars fjallað um: Búnaðarbanka SFS, starfsemi Mixtúru, menntastefnuvef, tæknikistur leikskóla, innleiðingu kerfa (Lightspeed, Apple School Manager, skýjalausnir Microsoft, Google skólalausnir, stuðning við nám á neti, handbók um Google skólalausnir, Uppsprettu, heimasíður grunnskóla, áherslur á forritun, þróunarverkefni v. innleiðingar Menntastefnu (s.s. um rafíþróttir og Maker- og STEAM-verkefni), leiðarlykil um stafræna hæfni kennara (DigCompEdu og SELFIE), miðlun og myndbönd, uppfærslu á Völu leikskóla upplýsingakerfi, Völu – appið, Völu frístund – upplýsingakerfið, skráningakerfi grunnskóla (Hafðísakerfi) og upplýsinga- og skráningakerfi fyrir félagsmiðstöðvar.

Eins hefur aukinn miðlægur stuðningur við notkun upplýsingatækni hjá NýMið tryggt að í vor hefur verið hægt að koma betur til móts við skóla og starfsstaði sem eru komnir mislangt á veg í notkun stafrænnar tækni í starfi. Kennsluráðgjafar hafa boðið kennurum og öðrum upp á [stuðning og fjarnámskeið](#). Jafnframt var í mars settur í loftið vefurinn [Nám stutt af neti](#) þar sem finna má gagnalegar upplýsingar og kennslumyndbönd um ýmis upplýsingaverkfæri sem mælt er með. Áhersla á fræðslu um persónuvernd og þjónustu NýMið hefur einnig verið aukin. Dæmi um þetta má sjá í [Handbók um notkun skólalausna Google](#).

Reynsla vorsins og næstu skref

Lærdómur af veruleika vorsins 2020 hefur verið mikill og mikilvægt er að grípa það tækifæri til umbóta og nýsköpunar sem hefur myndast. Greinilegur munur milli stafrænnar hæfni og notkunar hefur komið í ljós sem og fjölmörg sóknartækifæri til að endurskoða náms- og kennsluhætti.

Ljóst var í upphafi samkomubanns að verulegur hluti náms barna, yfirsýn kennara yfir nám, liðan og stöðu þeirra ásamt samskiptum við nemendur og foreldra þyrfti að færast að stórum hluta yfir í rafrænar lausnir.

Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um ávinning og áskoranir sem brugðist hefur verið við:

- Kennarar í skóla sem þyrfti að loka tímabundið nýttu t.d. stafrænar lausnir í faglegu starfi og umsjónarkennarar funduðu daglega með nemendum í 1.-10. bekk. Umræða um mismunandi þarfir og stöðu nemenda (t.d. aðgengi að búnaði og neti) opnaðist og skólar lánuðu töluvert af tækjum heim til nemenda. Í ljós kom að skólar með 1:1 verkefni (ein tölva á nemanda) stóðu einna best þegar kom að fjarkennslu.
- Margvísleg starfsþróun færðist yfir á netið. Skólar, t.d. í þróunarverkefnum færðu sameiginlega fræðslu á starfsdögum yfir á netið. Haldnar voru fjölsóttar fjarmenntabúðir á vegum HÍ og HA í samstarfi við SFS sem starfsmenn SFS tóku þátt með kynningum
- Ráðgjafar og kennarar nýttu tæknina til að styðja við nemendur m.a. brúarsmiðir Miðju Máls og læsis sem hafa stutt fjöltyngda nemendur við heimanám í gegnum Google-Meet. Einnig lögðu kennarar og stjórnendur grunnskóla mikið upp úr að vera í samskiptum við nemendur og foreldra til að ræða liðan, stöðu, aðbúnað og fleira.
- Rafræn heimavinna bjó til nýja „námshesta“ (t.d. margir strákar sem hafa unnið meira á liðnum vikum en nokkra mánuði þar á undan.)
- Rafræn heimavinna og rafræn samskipti í nemendahópum „kveikti í“ nemendum með skólaforðun.
- Nokkrir nemendur hafa sagt að kennarinn hafi aldrei talað eins mikið við þá sem einstaklinga og núna.
- Foreldrar barna af erlendum uppruna hafa lýst yfir ánægju sinni við brúarsmiði MML um það hversu frábærir kennararnir séu í að vera í sambandi og sinna börnum þeirra á þessum erfiðu tímum en það eru dæmi um að börn séu í meiri samskiptum við kennara en áður.
- Aukin rafræn upplýsingagjöf virkjaði marga foreldra með nýjum hætti og margir stjórnendur eru orðnir öruggari í rafrænni upplýsingagjöf.
- Skerpt hefur verið á vinnulagi og ferlum er snúa að mati á tæknilausnum út frá persónuverndarlögum. Í því sambandi hefur verið lögð sérstök áhersla á að vekja athygli alls starfsfólks SFS á mikilvægi persónuverndar m.a. í upplýsingapóstum og í allri fræðslu.
- Samstarf milli sviða hefur aukist með samvinnu kennsluráðgjafa, lögfræðinga Skóla- og frístundasviðs, persónuverndarsérfræðinga og starfsmanna Upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar (UTR).

Sérstaklega hefur verið hugað að nemendum í viðkvæmri stöðu en í því sambandi hefur verið aukið samstarf á milli þeirra verkefnastjóra og kennsluráðgjafa sem sinna málefnum þeirra barna (verkefnastjórar í fjölmenningu, verkefnastjórar í sérkennslu, MML) annarsvegar og verkefnastjórum/kennsluráðgjöfum í upplýsingatækni hjá NýMið. Þetta hefur leitt af sér sérstaka fræðslu og stuðning við kennara sem sinna börnum í viðkvæmri stöðu m.a. með vefnámskeiðum á

Menntabúðum og auknum tæknaðgangi fyrir ráðgjafa t.d. í gegnum Google Suite kerfið sem var ekki áður mögulegt.

Byggt á stefnumótun, aðgerðaráætlun borgarinnar 5ta lið og reynslu af skólastarfi vorið 2020 vinnur NýMið að tillögum um aðgerðir sem snúa að því að auka við búnað, þjónustu, starfþróun og markvissa og framsækna notkun. Í meginatriðum snúast tillögurnar um:

- *Grunnskólar: Búnaður fyrir fagfólk, unglingsdeildir og börn með sérstakar þarfir*
- *Leikskólar: Búnaður fyrir fagfólk (skóla/aðstoðar/sérkennslu/deildarstjóra)*
- *Annað: Búnaður fyrir streymi og fjarfundi, þróunarverkefni, frístundastarf, kennslufræðilegur stuðningur, miðlun, starfsþróun, persónuverndarmál o.fl.*

Á næstu vikum verður unnið að því að forgangsraða þessum tillögum á grundvelli fyrrgreindrar stefnumótunar en einnig í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á liðnum vikum. Sú staðreynd að samkomubann og aðgerðir á tímum C19 hafa flutt stóran hluta tilveru okkar yfir í stafræna tækni brýnir okkur í að hugsa til framtíðar og vera undirbúin til að takast á við áskoranir með nýjum lausnum. Stafræn tækni, búnaður, aðgengi og hæfni starfsfólks, barna og foreldra er þar algjört grundvallaratriði.